

Nd.

224. Nefndarálit

[102. mál]

um frv. til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur margrætt frv. á fundum sínum, auk þess sem sameiginlegir fundir hafa verið haldnir með sjávarútvegsnefnd Ed.

Nefndir útvegsmanna og sjómanna hafa komið til fundar við nefndina, m. a. komu fulltrúar af öllu landinu frá aðalfundi L. Í. Ú., þar sem þeir lögðu fram tillögur sínar í smáatriðum, sem samkomulag hafði tekist um hjá þeim.

Voru tillögur þeirra, svo og margra annarra, hafðar til hliðsjónar í störfum nefndarinnar, auk allra þeirra gagna, sem fiskveiðilaganefnd hafði aflað sér í sínum störfum.

Nefndin hefur orðið sammála um að flytja sameiginlegar breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. des. 1973.

Garðar Sigurðsson,
form., frsm.

Guðl. Gíslason.

Stefán Gunnlaugsson,
fundaskr.

Karvel Pálmason.

Jón Skaftason.

Björn Pálsson.

Pétur Sigurðsson.